

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1907.

Brjef stjórnarráðsins til fyrrv. amtmanns J. Havsteen um að 82
stjórnarráðið hafi tekið á móti jarðeldasjóði fyrir Arnes- og 6. febr.
Rangárvallasýslu.

Með brjefi, dagsettu 6. f. m., er fylgdi viðskiftabók við Landsbankann nr. 5886 (Z 386), að upphæð 172 kr. 37 au., skýrið þjer frá því, hávelborni herra, að samskotanefnd þeirri, sem myndaðist hjer í bænum eftir jarðskjálfta þá, er urðu í Árnes- og Rangárvallasýslu árið 1896, hafi áskotnast fje nokkuð eftir að síðasta úthlutunin til þeirra, sem skaðann liðu, hafi átt sjer stað, og að hún hafi tekið þá ákvörðun, að af fje þessu yrði stofnaður sjerstakur jarðeldasjóður fyrir Árnes- og Rangárvallasýslu, er falinn yrði forsjá stjórnarráðsins.

Jafnframt því að tilkynna yður, að stjórnarráðið tekur sjóð þenna til umsjónar og ráðstöfunar, viðurkennist það, að stjórnarráðið hefir veitt viðtöku nefndri viðskiftabók við Landsbankann, að upphæð 172 kr. 37 au.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um breyting 83
á mörkum Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps. 18. sept.

Með brjefi, dagsettu 22. júní þ. á., hafid þjer, herra sýslumaður, sent hing- að erindi frá hreppnefndunum í Hrunamannahreppi og Gnúpverjahreppi í sýslu yðar, þar sem þess er farið á leit, að jörðin Laxárdalur í Hrunamannahreppi verði lögð til Gnúpverjahrepps með nánara tilteknum skilyrðum, og jafnframt skýrt frá því, að sýslunefndin hafi mælt með því, að þetta verði leyft, enda sje Laxárdalur hin eina jörð í Hrunamannahreppi, sem liggja austan Stóru Laxár, og ávinnist því með hinni umræddu breytingu, að mörkin milli hreppanna verði eðlileg eftir landslagi, þar sem Stóra Laxá ráði þá mörkum milli hreppanna að endilöngu.

Út af þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóvember 1905, 3. gr., skipað svo fyrir sem hjer segir:

Jörðin Laxárdalur í Hrunamannahreppi í Arnessýslu skal frá næstkomandi fardögum lögð til Gnúpverjahrepps í sömu sýslu, gegn því að sveitarsjóður þess hrepps greiði sveitarsjóði Hrunamannahrepps 25 kr. á ári í næstu 10 ár frá nýnefndum tíma.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og og birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um afnám prestsmötukvað- 84
ar á jörðunni Kalmanstungu. 19. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans Hátign konungin- um 11. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess

84 að prestsmötukvöð sú, 40 pd. af smjöri til sóknarprestisins að Gilsbakka, er hvíllir
19. nóvbr. á jörðinni Kalmanstungu í Hvitársíðuhreppi í Mýrasýslu, verði afnumin innan
5 ára gegn 600 kr. endurgjaldi með því skilyrði, að fje þetta ávaxtist undir um-
sjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign Gilsbakkaprestakalls, og
að beneficiarius njóti vaxtanna.

Þetta er yður háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til leið-
beiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið
til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda brjefin hingað,
til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að
eigi megi afhenda þau.

85 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu kirkjujarðarinnar**
19. nóvbr. **Stapadals.**

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans Hátign konungin-
um 11. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess
að selja megi jörðina Stapadal, sem er eign Rafnseyrarprestakalls, undan nefndu
prestakalli fyrir 2200 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar
ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign presta-
kallsins, að 4 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru
leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin verði framvegis skoðuð sem
bændaeign að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til
leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið
til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda brjefin hingað
til þess að ritað verði á þau, að þau sjeu eign prestakallsins og ákvæði um að
eigi megi afhenda þau.

86 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um sölu hjáleigunnar Sætúns.**
19. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans Hátign konungin-
um allra mildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja
megi þann hluta hjáleigunnar Sætúns, sem er sjávarmegin við línu dregna sjón-
hending frá Hlaðsteini við Stadará í svonefnda Ófæru í Stadarhlið, undan Stadar-
prestakalli í Grunnavík fyrir 300 kr. með þeim skilyrðum, að söluandvirðið
ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign presta-
kallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið yður til
leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum var-
ið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skal senda hingað brjef-